

Kiwanis

Fréttabréf K-dagsnefndar

1. tbl. 1. árg.

15. júní 2010

Ábyrgðarmaður Gylfi Ingvarsson gylfiing@simnet.is



Heimasíða: www.kiwanis.is

Með þessu Fréttabréfi er meiningin að halda Kiwanisfélögum upplýstum um stöðu mála í undirbúningi og skipulagi K-dagsins. Vinsamlegast hafið samband ef þið eruð með ábendingar.

“Gleymum ekki Geðsjúkum”

er kjörorð K-dagsins

Á umdæmisþinginu, sem haldið var á Sauðárkróki 2008, var samþykkt að halda áfram með K-dagsverkefnið og jafnframt að styrkja geðverndarmál. Umdæmisstjórn skipaði Gylfa Ingvarsson úr Hraunborg formann nefndarinnar, auk hans eru í nefndinni: Emelía Dóra Guðbjartsdóttir úr Sólborg, Páll V. Sigurðsson úr Elliða, Alfred Styrkársson úr Eldey og Hörður Baldvinsson úr Mosfelli.

- **K-dagsnefndin** hefur fundað reglulega og haldið 16. fundi frá áramótum og samið verkefni og kynningu á K-degi.
- **K-dagsnefndin** hefur óskað eftir tengiliðum við nefndina frá hverjum klúbba.
- **K-dags verkefni** hafa verið tekin til umfjöllunar á öllum svæðisráðstefnum og unnið er úr gögnunum
- **Samráðsfundur** var haldinn með fulltrúum allra Kiwanisklúbba í Reykjavík
- **Samráðsfundur** var haldin í Reykjavík með framkvæmdastjórn umdæmisins, fyrrum K-dags nefndarmönnum og fyrrum umdæmisstjórn.
- **Dómsmálaráðuneytið** hefur heimilað K-dags nefndinni að standa fyrir landssöfnun **10. – 14. maí 2011**
- **Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson** hefur samþykkt að vera verndari K-dagsins.
- **Nýtt form K-lykilsins** sem K-dagsnefndin hefur samþykkt. Frá upphafi hefur K-lykillinn verið í formi barmmerkis en nú verður hann í formi húslykils óskorinn, þannig að hver og einn getur látið skera lykilinn til eigin nota. Kaupandinn verður þannig með K-lykilinn “Lykil að lífi” í höndunum að sinni eign á hverjum degi.
- Búið er að hanna lykilinn og semja við framleiðanda í Kína og stefnt er að lyklnir verði komnir til landsins í byrjun árs 2011

- **Færeyjar**, Viðræður hafa átt sér stað við tengilið K-dags í Færeyjum sem er Eiríkur Ingvarsson, um að klúbbarnir þar verði með í verkefninu og er málið til skoðunar og er að vænta svars í byrjun júlí.
- **Kynningarbæklingur**, búið er að hanna og prenta kynningarbækling K-dags verkefnisins í **300 eintökum**, sem notaður verður til kynningar hjá fyrirtækjum og öðrum samstarfsaðiljum.
- Ákveðið hefur verið að panta **40 þúsund lykla**
- **Samþykkt hefur verið að selja “Lykil að lífi” á kr. 1.500**
- Sölulaun til samstarfsaðila við sölu verður kr. 300, jafnamt er ekki litið á þetta sem kostnað heldur sem styrk til samstarfsaðilans.

Næstu verkefni eru að:

- **Fá til liðs við verkefnið styrktaraðila.** Hér er um stórt mál að ræða og allir þeir sem geta veitt okkur lið hafið endilega samband og fáið kynningarbæklinginn.
- **Styrktarverkefni**, Taka ákvarðanir um styrktarverkefni. Allar ábendingar vel þegnar. Komin er formlæg tillaga frá Kiwanisklúbbunum á Norðurlandi um verkefni á Akureyri
- Stefnt er að því að ljóst verði fyrir umdæmisþingið í haust hvaða verkefni á að styðja.
- Til að auðvelda klúbbum að semja við aðila til að aðstoðar við sölu K-lykilsins verður saminn kynningarbæklingur með útfærsla á samkomulagi svo allir vinni á sama hátt.
- **Önnur félagasamtök**, Senda á bréf til félagasamtaka þar sem látið er vita af landssöfnun okkar og á sama hátt virðum við safnanir þeirra.

K-dagsnefndin ætlar í samstarfi við alla Kiwanisfélaga á Íslandi og í Færeyjum að standa vel að öllum undirbúningi, þannig munum við ná góðum árangri í stuðningi Kiwanishreyfingarinnar við geðverndarmál.

Markmið okkar er að ná:

Hámarks árangri með lágmarks tilkostnaði.